

Sp.

84. Tillaga til þingsályktunar

[52. mál]

um rannsókn á vísitölufyrirkomulagi og vísitöluútreikningi.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að athuga áhrif vísitölufyrirkomulagsins í launagreiðslum á fjárhagskerfið, enn fremur grundvöll þann, er vísitöluútreikningurinn nú er byggður á, og áhrif þau á kaupgjaldsgreiðslur, er það mundi hafa, ef hann yrði færður í rétt horf. Af nefndarmönnum séu 3 tilnefndir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, einn af Alþýðusambandi Íslands og einn af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Greinargerð.

Tilgangur þess að láta kaupgjald breytast til samræmis við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar er sá að tryggja kaupmátt launa, þótt dýrtíð vaxi.

Grundvöllur núverandi útreiknings vísitölu framfærslukostnaðar er byggður á búreikningum, er nokkrar fjölskyldur í Reykjavík, aðallega verkamannafjölskyldur, voru fengnar til að halda á tímabilinu 1. júlí 1939 til 30. júní 1940. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að geysimiklar breytingar hafa orðið á neyztluvenjum fólks á þeim 18 árum, sem síðan eru liðin, m. a. vegna bættrar efnahagsafkomu. Er sú ástæða ein næg sönnun þess, að grundvöllur vísitöluútreikningsins hlýtur að vera úreltur.

En þar að auki er nú hverju mannsbarni ljóst, að markvisst hefur verið unnið að því með ráðstöfunum í verðlagsmálum af hálfu stjórnarvaldanna, að vísitalan gefi alranga mynd af raunverulegri þróun verðlagsins. Hefur þó fyrst keyrt um þverbak í þeim efnum með ráðstöfunum þeim í efnahagsmálum, sem gerðar voru um s. l. áramót af núverandi stjórnarflokkum. En þessar ráðstafanir og aðrar, sem gerðar hafa verið af núverandi ríkisstjórn, hafa m. a. verið í því fólgnar að dulbúa vöxt dýrtíðarinnar með því að halda niðri verði á þeim vörutegundum, sem veigamestar eru í vísitöluinni, með auknum álögum á aðrar vörutegundir, sem almennigur kaupir og neytir, en ekki hafa verulegt gildi í grundvelli vísitöluútreikningsins.

Vísitalan er því orðin með öllu ónothæfur mælikvarði á verðlagið, en af því leiðir, að vísitölufyrirkomulagið í launagreiðslum nær ekki þeim tilgangi sínum að tryggja kaupmátt launanna.

Það má telja með öllu óviðunandi, að enginn nothæfur mælikvarði á þróun verðlagsins sé til. En jafnframt því, að vísitöluútreikningurinn yrði færður í réttara horf, er óhjákvæmilegt, að rannsókuð séu áhrif vísitölufyrirkomulagsins í launagreiðslum á fjárhagskerfið og leitað sé úrræða, er veiti launþegum betri tryggingu fyrir óskertum kaupmætti launa en vísitölufyrirkomulagið gerir nú, án þess að stofnað sé til upplausnar fjárhagskerfisins. Nauðsyn ber því til þess, að vísitölufyrirkomulagið og vísitöluútreikningurinn sé tekið til athugunar og endurskoðunar af fulltrúum Alþingis og samtaka þeirra, er hér eiga mestra hagsmuna að gæta, og því er tillaga þessi fram borin.